— *Brjef* landshöfðingja *til stiptsyfirvaldanna um* tekjuskatt presta og hesteldi. — Út af fyrirspurn frá prófastinum í Rangárvallasýslu hafa stiptsyfirvöldin í þóknanlegu brjefi frá 14. þ. m. beiðst úrlausnar minnar um, hvort prestum sje ekki heimilt samkvæmt þessum orðum í 7. gr. laga um tekjuskatt 14. desbr. 1877: «Frá öllum tekjum af atvinnu skal dreginn sá kostnaður, er varið hefir verið til að reka hana« að draga hesteldi frá tekjum sínum, þegar þær eru taldar fram til tekjuskatts. **21** 27. jan.

Fyrir því vil jeg þjónustusamlega tjá yður það, er á eptir fer, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

Eins og 5. gr. nefndra laga með því að ákveða, hvað telja beri með tekjum af atvinnu, er skatt skal af greiða, gjörir mun á 1) tekjum af verzlun, sjóferðum, iðnaði, veitingasölu, handiðn og hverjum öðrum bjargræðisvegi og 2) tekjum af embættum og sýslunum, þannig er í 7. gr. tilsvarandi sundarliðun, þar eð 2. liður 7. gr. á við atvinnuvegi þá, er nefndir eru undir tölulið 1, en 3. liður 7. gr. segir fyrir um, hvað draga megi frá skattskyldum tekjum af embættum, og er þessi ákvörðun svo hljóðandi: «frá tekjum af embættislaunum má telja skrifstofukostnað, svo má og færa til útgjalda eptirlaun og aðrar kvaðir, er á embættinu liggja»; og þessi orð verða varla skilin öðruvísi en, að þau telji allt það, er samkvæmt lögunum má draga frá tekjum hlutaðeigandi embættis til að finna út upphæð þá, er skatt skal af greiða. Þetta verður, að því er mjer virðist, enn þá augljósara, þegar þess er gætt, að sleppt hefir verið úr lögunum ákvörðun, er frumvarpið til nefndrar greinar innihjelt um, að þegar tekjurnar væru lagðar í skatt, skyldi draga frá það, sem greiðandi á því ári hefði greitt beinlínis í gjöld til landssjóðsins, í sveitargjöld eða til kirkna, í tíund eða sem leigur af skuld, og í annan stað, að felld voru úr greininni þessi orð: «o. fl. sem er samfara embættinu», er stóðu í frumvarpinu næst á eptir orðunum: «frá tekjunum af embættislaunum má telja skrifstofukostnað».

Jeg vil loksins geta þess, að þó það megi álítast nauðsynlegt fyrir þá presta, er útkirkjum eiga að þjóna, að fóðra reiðhest á vetrum til þess að geta framkvæmt guðsþjónustugjörðir á útkirkjum sínum, og þó að þetta geti verið nauðsynlegt einnig fyrir aðra presta til þess, að þeir, ef á þarf að halda, geti framkvæmt prestverk t. d. barnaskírn í heimahúsum, vitjað sjúkra og húsvitjað í söknum sínum, þá mun hesteldið á hinn bóginn að öllum jafnaði vera tekjur af prestssetrinu; en þessar tekjur teljast samkvæmt 5. gr. laganna ekki með tekjum þeim, er skatt skal af greiða.

— *Brjef* landshöfðingja *til beggja amtmanna um* styrk til eflingar búnaði. — Í 9. gr. C. 4. fjárlaga þeirra fyrir árin 1880 og 1881, er staðfest voru af konungi 24. okt. f. á., er veittur 10000 kr. styrkur fyrir hvort um sig af þessum árum til eflingar búnaði; en jafnframt er bætt við þessum orðum: «af því allt að helmingi til búnaðarfjelaga og búnaðarsjóða». Eins og jeg álít það skyldu mína við skiptingu nefndra upphæða að sjá um, að ömtin verði í sem jöfnustu hlutfalli aðnjótandi fjárveitingar þessarar, þannig er það ósk mín einkum og sjer í lagi að taka tillit til uppástungna þeirra, tillaga og meðmæla, er amtsráðin kynnu að finna tilefni til að koma fram með viðvíkjandi því, hvernig verja beri nefndu fje. **22** 27. jan.

Bónarbrjef um styrk af nefndu fje óska jeg því, að verði send yður, herra amtmaður, áleiðis til mín, og ber að láta þeim fylgja ummæli amtsráðsins, eða, ef eigi má fresta málinu, þangað til amtsráðið kemur saman, álit yðar, herra amtmaður, fyrir hönd